

Reykjavík 9. febrúar 2011

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni:

Umsögn Skotveiðifélags Íslands um frumvarp til laga um virðisaukaskatt, 164 mál.

Skotveiðifélag Íslands fagnar þeim tillögum sem fram koma í 164. máli, frumvarpi til laga um virðisaukaskatt (endurgreiðsla skatts af refa- og minkaveiðum) varðandi breytingu á lögum nr. 50/1988 um virðisaukaskatt.

Um árábil hefur dregið úr veiðum á refum og minkum um landið allt og er þar meðal annars um að kenna sífellt minni kostnaðarpátttöku ríkisins. Á árum áður greiddi ríkið helming af kostnaði á móti sveitarfélögum en eftir að ríkið hætti þeirri þátttöku hafa sum sveitarfélög lagt minni áherslu á þessar veiðar og sum hver jafnvel hætt þeim alfarið.

Veiðar á rándýrum eins og refum og minkum eru hluti af heildstæðri veiðistjórnun sem nær til allra dýra- og fuglategunda. Hvort sem um er að ræða nytjategundir eins og rjúpur, gæsir, endur og æðarfugla eða mófugla og vaðfugla þá ætti veiðum á afræningjum þessara tegunda að vera stjórnað þannig að stofnar þeirra séu innan þeirra marka að valda ekki tjóni á lífríkinu. Tilraunir með að „hreinsa upp“ mink á afmörkuðum svæðum hafa gefist vel og má ætla að með skipulegum og markvissum veiðum verði hægt að fækka til muna í þeim stofni. Refaveiðar hafa verið stundaðar á Íslandi frá landnámi og með góðum árangri eftir að skotvopn komu til sögunnar, en þær kosta fjármagn og þegar dregið er úr fjármagni til þeirra hefur refastofninn stækkað og breitt úr sér. Mikil þekking á refaveiðum er til staðar á meðal atvinnuveiðimanna. Hætt er við að sú þekking hverfi ef svo fer sem horfir að sveitarfélög hætti að borga fyrir veiðar á ref. Jafnvel þótt sportveiðimenn leggi sitt á vogarskálarnar að veiða refi og minka þá er þörf á skiplögðum veiðum á borð við þær sem sveitarfélögin hafa sinnt.

Sú tillaga sem kynnt er í frumvarpinu og miðar að því að sveitarfélög fái endurgreiddan virðisaukaskatt af refa- og minkaveiðum er skref í rétta átt til að halda aftur af fjölgun refa og minka á Íslandi.

F.h. stjórnar Skotveiðifélags Íslands



Elvar Árni Lund
Varaformaður